

Helstu niðurstöður aðalfundar Vátryggingafélags Íslands hf. þann 19. mars 2021

Á aðalfundi Vátryggingafélags Íslands hf. (VÍS) þann 19. mars 2021 voru samþykktar þær tillögur sem að neðan greinir.

Dagskrárliður 2

Tillaga um staðfestingu á ársreikningi félagsins

Aðalfundur samþykkti ársreikning félagsins fyrir árið 2020.

Dagskrárliður 3

Tillaga um ráðstöfun hagnaðar félagsins

Aðalfundur samþykkti að greiddur yrði arður sem nemur kr. 0,85 á hlut fyrir árið 2020. Heildarfjárhæð arðgreiðslunnar er um 1.610 milljónir króna. Arðsákvörðunardagur er 19. mars 2021 sem þýðir að skráðir hluthafar í lok dags 23. mars 2021 (arðsréttindadagur) eiga rétt á arðgreiðslu. Arðleysisdagur er því 22. mars 2021 sem er fyrsti viðskiptadagur eftir arðsákvörðunardag og útborgunardagur er 29. mars 2021 (arðgreiðsludagur).

Dagskrárliður 4

Tillaga um starfskjarastefnu og kaupaukakerfi

Aðalfundur samþykkti tillögu um starfskjarastefnu eins og hún var lögð fram af stjórn fyrir aðalfund. Starfskjarastefnan er meðfylgjandi tilkynningu þessari. Samhliða samþykkti aðalfundur áætlun um kostnað við kaupaukakerfi félagsins, sem gerð er grein fyrir í fyrirbyggjandi starfskjaraskýrslu.

Dagskrárliður 5

Tillögur um breytingar á starfsreglum tilnefningarnefndar félagsins

Aðalfundur samþykkti tillögur um breytingar á starfsreglum tilnefningarnefndar félagsins sem fela einkum í sér eftirfarandi:

- Aukin áhersla á að nefndin hafi í huga samsetningu stjórnar og að hún beri með sér fjölbreytileika.
- Að höfð verði hliðsjón af árangursmati og samtölum við sitjandi stjórnarmenn og forstjóra félagsins við mat nefndarinnar.
- Hnykkt á því að nefndin skuli gæta trúnaðar um framboð sem berast og gefa þeim frambjóðendum sem ekki eru hluti af tillögu nefndarinnar kost á að draga framboð sín til baka.
- Bætt við upptalningu á hlutverk nefndarinnar árlegri yfirferð á starfsreglum og að leggja fram tillögu fyrir hluthafafund um breytingar telji nefndin þörf á.
- Að við kosningu tilnefningarnefndarmanna skuli fylgja sama fyrirkomulagi og við kjör stjórnarmanna félagsins.
- Að starfskjör nefndarinnar skuli ákveðin á aðalfundi félagsins á grundvelli tillögu stjórnar.

Dagskrárliður 6

Ákvörðun um þóknun til stjórnar, undirnefnda stjórnar og tilnefninganefnd

Samþykkt var að mánaðarleg stjórnarlaun verði óbreytt kr. 428.000,- fyrir almennan stjórnarmann og kr. 838.000 fyrir formann. Varastjórnarmenn fái greidda eingreiðslu að fjárhæð kr. 428.000,- í upphafi starfsárs og að auki kr. 120.000,- fyrir hvern fund sem þeir mæta á.

Föst mánaðarleg þóknun verði greidd fyrir störf í undirnefndum stjórnar sem hér segir, en formenn nefnda fái greidda tvöfalda þóknun á við aðra nefndarmenn:

- Fyrir setu í endurskoðunarnefnd kr. 75.000 á mánuði
- Fyrir setu í starfskjaranefnd kr. 32.000 á mánuði
- Fyrir setu í áhættunefnd kr. 65.000 á mánuði

Þóknun fyrir störf í tilnefningarnefnd verði kr. 95.000 á mánuði og tvöföld þóknun fyrir formann nefndar.

Dagskrárliður 7

Kosning til stjórnar félagsins

Eftirfarandi aðilar voru kjörnir í stjórn félagsins fyrir næsta starfsár:

Aðalstjórn

Guðný Hansdóttir
Marta Guðrún Blöndal
Stefán Héðinn Stefánsson
Valdimar Svavarsson
Vilhjálmur Egilsson

Varastjórn

Ragnheiður Hrefna Magnúsdóttir
Sveinn Friðrik Sveinsson

Stjórn félagsins hefur þegar komið saman og skipt með sér verkum. Formaður stjórnar er Stefán Héðinn Stefánsson og varaformaður er Vilhjálmur Egilsson.

Dagskrárliður 8

Kosning endurskoðunarfélags

PricewaterhouseCoopers ehf. var kjörið endurskoðunarfélag VÍS.

Dagskrárliður 9

Kosning tilnefningarnefndar

Tilnefningarnefnd félagsins fyrir næsta starfsár var sjálfkjörin, en hana skipa:

Gylfi Dalmann Aðalsteinsson
Jensína Kristín Böðvarsdóttir
Magnús Bjarnason

Dagskrárliður 10

Tillaga um heimild félagsins til kaupa á eigin hlutum

Aðalfundur samþykkti svohljóðandi tillögu:

„Stjórn félagsins er heimilt að kaupa á næstu 12 mánuðum hluti í félaginu, í þeim tilgangi i) að koma á viðskiptavakt í félaginu, ii) setja upp formlega endurkaupaáætlun og/eða iii) að gera hluthöfum almennt tilboð um kaup félagsins á eigin hlutum, t.d. með útboðsfyrirkomulagi, enda sé jafnræðis hluthafa gætt við boð um þátttöku í slíkum viðskiptum, þannig að það ásamt dótturfélögum þess eigi, að öðrum lagaskilyrðum fullnægðum, allt að 10% af hlutafé þess. Heimild til endurkaupa á eigin hlutum í þeim tilgangi að lækka hlutafé er háð samþykki Fjármálaeftirlitsins. Endurgjald fyrir keypta hluti skal ekki vera hærra en sem nemur verði síðustu óháðu viðskipta eða hæsta fyrirliggjandi óháða kauptilboði í Kauphöll Íslands, hvort sem er hærra. Slík kaup eru þó heimil er þau eru gerð af viðskiptavaka skv. 116. gr. laga um verðbréfavíðskipti og reglugerða sem settar eru á grundvelli 118. og 131. gr. sömu laga.“